



Blaðsíða 2

**Ríkissáttasemjari í
heimsókn á Húsavík**

Blaðsíða 6

**Sumarhús, íbúðir,
hótel og fleira**

Blaðsíða 14

**Stjórn STH fundar
um stöðuna**

Ríkissáttasemjari með námsstefnu á Húsavík



Forsíða

Trausti Aðalsteinsson sem er ættaður úr Stórutungu í Bárðardal er drengur góður en hann starfar hjá Ísfelli ehf. á Húsavík jafnframt því að vera stjórnarmaður í Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar. Til viðbótar má geta þess að hann öflugur frístundabóndi á Húsavík.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna Starfsmannafélag Húsavíkur Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlstur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 21. mars 2022

UPPLAG

1800

PRENTUN

Héraðsprint



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Ríkissáttasemjari, Aðalsteinn Leifsson, ættaður frá Bakka við Húsavík stóð fyrir þriggja daga námstefnu í samningagerð á Fosshótel Húsavík í byrjun mars. Fullbókað var á námstefnuna en um 50 þátttakendur tóku þátt í námstefnunni. Markmiðið með námstefnum sem þessari er að stefna saman sem flestum sem sæti eiga í samninganefndum og vinna að kjarasamningagerð í landinu. Þátttakendum gefst einstakt tækifæri til að bæta vinnubrögðin við kjarasamningagerðina, læra nýjustu aðferðir, deila reynslu og efla marksækni og fagmennsku við samningaborðið. Þátttakendur á námstefnunni gerðu smá hlé á námstefnunni eftir langa og stranga törn og heimsóttu Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þar var þeim vel tekið auk þess sem þeir fengu góða kynningu á starfsemi stéttarfélaganna. Þá fengu gestirnir gjafir frá Fjallalambi á Kópaskeri sem framleiðir gæðavörur. Tónlistarmaðurinn, Stefán Jakobsson, sem jafnframt er félagsmaður í Framsýn leit við og tók lagið við mikinn fögnuð gesta sem rómuðu mjög móttökurnar.

Aðalsteinn Leifsson kastaði þessari vísu á nafna sinn og formann Framsýnar. Auk þess þakkaði hann stéttarfélagunum fyrir frábærar móttökur:

*„Enginn tekur eftir þér,
auðmjúkur nafni minn.
Hógvær, hlýðinn eins og smér,
hófsami drengurinn.“*

Formaður Framsýnar svaraði fyrir sig og kastaði fram þessari limru með „smá aðstoð“ frá varaformanni Framsýnar:

*„Ég byrjaði ungur að karpa,
við mér eldri og reyndari garpa.
Vildi ólmur og ör bæta almúgans kjör,
taka samningalotu snarpa.“*

*Enn er til nokkurs að hlakka,
við samninga enn um sinn makka.
Til sátta ég mæti, enda hressi og kæti
ég nafna minn litla frá Bakka.“*



Ríkissáttasemjari þakkaði fyrir góðar móttökur.



Stebbi Jak klikkar ekki, hann tók nokkur lög fyrir gestina sem heimsóttu stéttarfélagin á vegum ríkissáttasemjara.



Stjórnarkonurnar; Ósk, Guðmunda og Guðný stóðu vaktina auk Veigu og Hermínu Hreiðars formanns STH.

Nýr vefur stéttarfélaganna í loftið

Heimasíða Stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, www.framsyn.is, opnaði fyrst formlega árið 2001. Frá þeim tíma hafa reglulega verið gerðar breytingar á síðunni. Hvað það varðar má geta þess að undanfarið hefur verið unnið að því að gera gagngerar breytingar á vefnum sem opnaði eftir breytingar í byrjun mars. Samið var við hugbúnaðarfyrirtækið AP Media um að framkvæma breytingarnar í samráði við starfsmenn stéttarfélaganna. Samstarfið gekk afar vel og er afraksturinn eftir því. Á sínum tíma var gerð vefsins í höndum Arngríms Arnarsonar sem sá alfarið um alla forritun, uppsetningu og grafíska hönnun. Óhætt er að segja að góð heimasíða með helstu upplýsingum fyrir félagsmenn, auðveldi bæði félagsmönnum og starfsmönnum stéttarfélaganna lífið og spari þeim auk þess töluverða vinnu. Þá er ánægjulegt til þess að vita að fjölmargir félagsmenn og gestir heimsækja síðuna daglega enda afar vinsæl. Allar ábendingar og athugasemdir varðandi vefinn eru vel þegar og skulu þær sendar til Aðalsteins Árna netfangið kuti@framsyn.is sem jafnframt er ábyrgðarmaður vefsins.

Framsýn styður við Tónkvíslina

Framhaldsskólinn á Laugum hefur haldið úti öflugum skóla- og félagslífi. Hvað félagslífið varðar hafa nemendur skólans staðið fyrir Tónkvíslinni til fjölda ára og í ár var haldin í íþróttahúsinu á Laugum þann 19. mars. Að venju fór keppnin vel fram og var skipuleggjendum til mikils sóma. Keppninni var streymt inn á youtube síðu skólans. Samkvæmt upplýsingum frá Nemendafélaginu voru bæði atriði úr Framhaldsskólanum á Laugum og grunnskólum á svæðinu í keppninni. Verðlaun fyrir fyrsta sætið í framhaldsskólakeppninni var tími í hljóðveri, gjafabréf og gjafir frá ýmsum fyrirtækjum. Einnig voru veitt verðlaun fyrir annað og þriðja sætið og fyrsta sætið í grunnskólakeppninni. Þess má geta að Framsýn kom að því styrkja samkomuna í ár.



Óbreytt verð fyrir dvöl í orlofshúsum

Stéttarfélögin hafa ákveðið að gera vel við félagsmenn sem sækja um orlofshús eða olofsíbúðir sumarið 2022. Sama leiguverð verður milli ára, það er kr. 29.000,- per viku. Tjaldstæðisstyrkir til félagsmanna sumarið 2022 verða kr. 25.000,- og þá verður ferðaávisun til félagsmanna hækkuð úr kr. 15.000,- í kr. 18.000,-. Ferðaávisunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvöl á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Niðurgreiðslan/ferðaávisunin kemur til viðbótar þeim afslætti sem stéttarfélögin hafa þegar samið um við fjölmörg hótél, gistiheimili og aðra ferðapjónustuaðila víða um land. Umsóknarfresturinn um orlofshús er til 18. apríl. Fljótlega upp úr því verður orlofskostunum úthlutað til félagsmanna sem sóttu um. Komi til þess að einhverjar vikur standi eftir, verða þær auglýstar aftur. Stéttarfélögin hafa jafnframt ákveðið að standa fyrir sumarferð laugardaginn 20. ágúst, það er gönguferð í Bárðardal. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna. Stéttarfélögin hvetja félagsmenn til að ferðast innanlands í sumar og njóta þess að vera til.



Formaður leit við í Krambúðinni í Mývatnssveit á dögum þegar hann var í vinnustaðaheimsóknum á svæðinu. Þar hitti hann fyrir öðlinginn, Steingrím Jóhannesson, sem var að fylla í hillurnar í búðinni.

Veist þú... nú er afsláttur á flugi fyrir félagsmenn sem fljúga með Icelandair milli landa.

Frekari upplýsingar eru á <http://orlof.is/framsyn/>



Vorið kallar á sterkar sveitarstjórnir

Framundan eru sveitarstjórnarkosningar í Þingeyjarsýslum. Eins og alltaf er mikilvægt að hæft og áhugasamt fólk veljist til þessara mikilvægu starfa í þágu samfélagsins. Því miður hefur verið dapurlegt að fylgjast með því mikla brottfalli sem verið hefur meðal kjörinna sveitarstjórnarmanna undanfarin misseri, sérstaklega hvað varðar sveitarfélagið Norðurþing. Það sama á við um æðstu stjórnendur sveitarfélaga sem hafa komið og farið. Þar á ég við sveitarstjóraskipti í Langanesbyggð og Skútustaðahreppi, svo ekki sé nú talað um vandræðaganginn sem verið hefur í yfirstjórn Norðurþings á yfirstandandi kjörtímabili sem fer í sögubækurnar. Ég kalla eftir meiri festu í sveitarstjórnarmálum. Á sínum tíma var tekin almenn ákvörðun um að lagfæra kjör sveitarstjórnarmanna með það að markmiði að bæta þeirra starfsumhverfi. Án efa var full þörf á því, en svo virðist sem það hafi ekki dugað til, sé tekið mið af brotthvarfi kjörinna fulltrúa úr sveitarstjórn Norðurþings. Hafa ber í huga að því fylgir töluverð ábyrgð að gefa kost á sér til slíkra starfa. Vissulega geta legið persónulegar ástæður fyrir brotthvarfi manna úr sveitarstjórn, sem að sjálfsgöðu ber að virða, en þetta er langt frá því að teljast eðlilegt.



Tækifæri á hverju horni

Verði rétt haldið á málum eru áhugaverðir tímar framundan í byggða- og atvinnumálum í Þingeyjarsýslum. Hvað það varðar er mikilvægt að sveitarfélög í Þingeyjarsýslum vinni betur saman og myndi mótvægi við önnur landsvæði með það að markmiði að laða til sín fleira fólk og fá fjölbreyttari atvinnustarfsemi inn á svæðið. Verandi formaður í stéttarfélagi hefur mér því miður fundist verulega skorta á þessa samstöðu. Í umboði félagsmanna hef ég barist fyrir því m.a. að viðhalda flugsamgöngum við Húsavík, endurbótum á Húsavíkurflugvelli, opinberri þjónustu, auknum verslunarrekstri og fjölbreyttari atvinnuöguleikum á svæðinu. Hvað það varðar var grátlegt að fylgjast með misvitrum sveitarstjórnarmönnum, með fáeinum undantekningum þó, eyðileggja Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Atvinnuþróunarfélagið sem verið hefur mikilvægur samstarfsvettvangur sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins í atvinnuuppbyggingu var sameinað inn í SSNE og

lagt niður sem sjálfstætt atvinnuþróunarfélag með aðkomu fulltrúa atvinnulífsins. Eitt af forgangsmálum nýrra sveitarstjórna ætti að vera að ganga út úr þessu samstarfi við SSNE og ganga aftur til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um þennan mikilvæga málaflokk. Vonandi sjá nýir sveitarstjórnarmenn ljósið. Ég reikna reyndar ekki með því að þeir hafi pólitískan kjark til þess að gera breytingar til fyrra horfs, íbúum til hagsbóta.

Stoðirnar í atvinnulífinu

Lengi vel voru það landbúnaður og sjávarútvegur sem báru uppi atvinnulífið í Þingeyjarsýslum sem og opinber þjónusta ríkis og sveitarfélaga. Síðar kom öflug ferðaþjónusta til sögunar, PCC hóf iðnaðarstarfsemi á Bakka og nú eru hafnar gríðarlegar framkvæmdir í Kelduhverfi og Öxarfirði er tengist fiskeldi á landi, sem kallar á átak í byggingu íbúðarhúsnæðis á Kópaskeri og Húsavík með aðkomu Norðurþings. Mikil orka hefur verið beisluð á svæðinu á Þeistareykjum og í Kröflu. Mikilvægt er að sú orka verði notuð til að efla atvinnusvæðið okkar enn frekar. Við höfum PCC á Bakka sem þarfnast mikillar orku fyrir sína starfsemi. Nýtt verðandi sveitarfélag sunnan Húsavíkur sem verður til við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hlýtur að horfa til þess að nýta orkuna á svæðinu til frekari atvinnusköpunar í sameinuðu sveitarfélagi. Það má ekki gerast að orkan verði flutt með háspennulínum til atvinnuuppbyggingar utan Þingeyjarsýslna, sem flest virðist reyndar benda til verði ekki brugðist við þegar í stað. Ætlum við virkilega að láta þá vistvænu orku sem kraumar undir fótum okkar renna okkur úr greipum? Tækifærin til atvinnusköpunar eru til staðar auðnist okkur að halda rétt á málum. Sem betur fer hefur svæðið verið að styrkjast en þessi barátta er endalaus, enda mikil samkeppni um íbúa og atvinnutækifæri milli landshluta. Á komandi árum verða sveitarfélögin að marka sér skýra byggða- og atvinnustefnu með það að markmiði að mæta kröfum nútímans í sátt og samlyndi við móður jörð. Þá er full ástæða til að skoða kosti þess og galla að sameina sveitarfélög í Þingeyjarsýslum í eitt öflugt sveitarfélag sem hafi burði til að veita íbúum sambærilega þjónustu og best gerist annars staðar. Þingeyingar hafa lengi verið stórhuga, það er góður eiginleiki sem ber að virkja til góðra verka, til uppbyggingar og sóknar. Annað er soun á góðu hugviti og orku.

Aðalsteinn Árni Baldursson

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf 18 ára og eldri frá 1. janúar 2022 eru kr. 368.000 á mánuði.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð Framsýnar

Nú liggur fyrir að sjálfkjörið er í stjórn og trúnaðarráð Framsýnar og reyndar líka í aðrar trúnaðarstöður í félaginu fyrir næsta kjörtímabil sem eru tvö ár frá næsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður í vor. Frestur til að skila inn tillögum um félagsmenn í trúnaðarstöður rann út um síðustu mánaðamót. Uppstillinganefnd félagsins kom saman til fundar í janúar og stillti upp lista fyrir komandi kjörtímabil. Tillagan var auglýst í síðasta Fréttabréfi stéttarfélaganna og á heimasíðu félagsins, en stilla þurfti upp í um sjötíu embætti innan félagsins. Full ástæða er til að óska öllu því frábæra fólki sem tilbúið er að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið til hamingju, en félagsmenn í Framsýn eru um 3.000 talsins. Hvað það varðar má geta þess að mikill áhugi er meðal félagsmanna að starfa fyrir félagið. Aðalsteinn Árni og Ósk Helgadóttir hafa farið fyrir öflugum starfi Framsýnar undanfarin ár. Félagssvæðið er stórt eða um 18% af landinu. Vinnustaðaheimsóknir um félagssvæðið geta því tekið nokkra klukkutíma og því þurfa starfsmenn félagsins stundum að nestu sig í lengri ferðirnar. Hér að neðan má sjá þau Ósk og Aðalstein Árna hvílast á ferð þeirra til landvarða sem voru við störf á hálendinu. Með þeim í för var Jónas Kristjánsson formaður Þingiðnar sem einnig hefur verið endurkjörinn sem formaður félagsins til næstu tveggja ára. Það sama á við um stjórn og trúnaðarráð Þingiðnar, sjálfkjörið var í öll embætti innan félagsins þar sem ekki komu fram aðrar tillögur.



Jónas Kristjánsson hefur verið farsæll í starfi formanns Þingiðnar. Hér er hann ásamt Ósk Helgadóttur varaformanni Framsýnar.

Takk fyrir heimsóknina

Fjöldi barna, unglinga og fullorðinna komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn og sungu mörg falleg lög. Gestirnir fóru ekki tómhentir heim þar sem í boði var að fá smá glaðning gegn því að taka lagið og láta sjá sig. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá Öskudeginum.



Framsýn styrkir neyðarsöfnun

Rauði krossinn hefur hafið neyðarsöfnun vegna vopnaðra átaka í Úkraínu. Á dögnum færði Framsýn Rauða krossinum á Íslandi kr. 300.000,- í söfnuninna. Alþjóða Rauði krossinn er þegar með umfangsmikla mannúðaraðstoð í landinu vegna ástandsins sem hefur varað í austur Úkraínu undanfarin átta ár og vinnur hönd í hönd með Rauða krossinum í Úkraínu við að mæta þörfum almennra borgara og lina þjáningar vegna vopnaðra átaka. Framlag Framsýnar og allt fjármagn sem safnast í neyðarsöfnun Rauða krossins verður nýtt til að mæta þörfum íbúa Úkraínu og veita neyðarþjónustu eins og tryggja aðgengi að mat, vatni, heilbrigðisþjónustu, húsaskjóli og veita sálrænan stuðning.



Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshús eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði ódýrt flug, tjaldstæðastyrkir og gistiávisanir á hótél og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun

o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni á Einarstöðum.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl

Leiguverð sumarið 2022

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 29.000 á viku sumarið 2022. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshús eru í boði. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 18. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félagunum.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum

rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6



Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með nýjum heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel

búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 1. júní til 1. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík



Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.

Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sofi í stofunni.

Furulundur 11e - Akureyri



Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.

Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Orlofshús Eiðum



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið

stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi



Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til

100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5



Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að

koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Gistiheimili Keflavíkur



Stéttarfélagin eru með samning við Gistiheimili Keflavíkur um ódýra gistingu fyrir félagsmenn sem ferðast milli landa. Gistiheimilið er í eigu sömu aðila og reka Hótel Keflavík.

Gestir þurfa að deila snyrtingu með öðrum gestum en tvö baðherbergi fylgja sex herbergjum. Innfalið í verðinu er einnig geymsla á bíl. Gistiheimilið er við Vatnsnesveg 9 í Keflavík, það er á móti Hótel Keflavík.

Innritun gesta á Gistiheimili Keflavíkur fer fram á Hótel Keflavík. Þar geta gestir einnig gengið að góðum morgunverði og annarri þjónustu á vegum hótelsins.

Alba gistiheimili – góður kostur



Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og Bústaðavegar og því stutt frá flugvelli. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofssíðu Stéttarfélaganna.

Veiðikortið 2022

Veiðikortið 2021 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.500 krónur. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.



Bed - Breakfast Keflavík



Stéttarfélagin eru með samning við Gistihús Keflavík/Bed-Breakfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félagin hverja gistinótt um kr. 2.500,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalinn í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurflugvöll. Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á www.hotelkeflavik.is



Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingu á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.000 per nótt fyrir gistinguna.



Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Ferðaávísun í boði

-Kostakjör fyrir félagsmenn-

Félagsmenn sem velja að ferðast um landið í sumar og gista á þeim fjölmörgu hótélum og gistiheimilum sem stéttarfélagin hafa samið við um afsláttarkjör fyrir félagsmenn eiga rétt á ferðaávísun til viðbótar upp á kr. 18.000,-. Ávísunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvölinna á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Ferðaávísunin virkjust sjálfkrafa sé gisting á hótélum eða gistiheimilum pöntuð í gegn um orlofsvefinn. Það er, menn geta notað ávísunina til að greiða hverja nótt niður um 20% þó að hámarki kr. 18.000,-. Fram hefur komið hjá félagsmönnum að þeir eru mjög ánægðir með þennan möguleika að geta ferðast um landið og gist á hótélum og gistiheimilum á sérkjörum stéttarfélaganna. Nánari upplýsingar eru að sjálfsögðu í boði á skrifstofu stéttarfélaganna.

Hótel Ísafjörður

Vestfirðir



Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland



Hótel Bláfell

Austurland



Hótel Kría

Suðurland



UMI Hotel

Suðurland



Hótel Geysir

Suðurland



Icelandair Hótel Hamar

Vesturland



Icelandair Hótel Flúðir

Suðurland



Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 50.000 til 75.000 í leigu fyrir vikuna. Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 29.000,-. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar fyrir stéttarfélögin að hafa húsin á leigu.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 25.000,-. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélögin eru með **Bílaleiga Húsavíkur** samning við **Bílaleigu** Garðarsbraut 66 • Húsavík Símar 464 2500 & 892 3436 Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélögin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingið, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalyðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Sumarferð stéttarfélaganna

Sumarferð stéttarfélaganna í ár verður farin laugardaginn 20. ágúst. Að þessu sinni verður boðið upp á göngu- og sögu ferð í Bárðardal. Farið verður með rútu frá Húsavík og er um að ræða ferð að Skjálfandafljóti undir leiðsögn Guðrúnar Tryggvadóttur. Gengið verður frá bílastæði skammt innan við Stórutungu og þaðan rölt eftir þægilegri slóð út í Aldey, eftir henni upp að Aldeyjarfossi og Ingvararfossum. Farið til baka merktu leið sem liggur eftir gömlum, vel grónum farvegi fljótsins og er einstaklega falleg. Sannkölluð ævintýraferð um sérstæða náttúruperlu, þar sem farið verður til að njóta. Að venju verður grillað í lok ferðar. Um er að ræða fremur auðvelda gönguleið sem ætti að vera við flestra hæfi. Þátttökugjaldið verður kr. 5000,- fyrir félagsmenn og gesti þeirra. Ferðin verður nánar auglýst síðar.



Reykingar og húsdýr



Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.



Staðan tekin, stjórn Sjómannadeildar Framsýnar kom nýlega saman til að ræða stöðuna í kjaramálum sjómanna sem hafa verið samningslausir síðustu ár. Þetta eru þeir Jakob, Héðinn, Gunnar og Börkur. Á myndina vantar Aðalstein Steinþórsson.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útsvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útsvæði. Frá flugvelli í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvelli með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. Icelandair.

Verð á íbúð:

Sumartími frá 1. apríl - 30. september, vikuleiga kr. 56.000,- og hver dagur eftir það á kr. 7.000,-.

Vetrartími frá 1. október - 31. mars, vikuleiga kr. 42.000,- og hver dagur eftir það á kr. 5.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 1.500 per. dag sem gíst er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttafélaganna.



Tjaldstæðisstyrkir

til félagsmanna sumarið 2022

verða kr. 25.000,- gegn framvísun
á löglegri kvittun

Stéttarfélagin niðurgreiða útilegukortin fyrir félagsmenn

Heimamenn til hamingju með Heimamenn

Verslunin Heimamenn opnaði nýlega á Húsavík. Heimamenn er ný byggingavöruverslun þar sem seldar verða allar helstu byggingavörur og verkfæri, ásamt málningu, hreinlætistækjum og öðru sem tengist viðhaldi og nýbyggingum. Þá hefur Karl Hjálmarsson flutt umboð sitt fyrir Símann í húsakynni Heimamanna. Þar sem verða á boðstólum ýmis snjall og raftæki ásamt þjónustu fyrir áskriftir Símans.

Mikil óánægja greip um sig í bænum í kjölfar fréttu um að Húsasmiðjan hygðist loka verslun sinni á Húsavík en skellt var í lás nú um áramót eins og greint hefur verið frá. Nokkur verktakafyrirtæki á Húsavík tóku höndum saman, stofnuðu félagið Heimamenn ehf. og hafa nú opnað nýja verslun að Vallholtsvegi 8 þar sem Byggingavörudeild Kþ, Kþ Smiðjan og Húsasmiðjan hafa verið með rekstur áður. Brynjar T. Baldursson framkvæmdastjóri félagsins hefur farið fyrir verkefninu. Fyrirtækin sem standa að Heimamönnum eru; Val ehf., Steinsteypir ehf., Vermir sf., Trésmiðjan Rein ehf. og Bæjarprýði ehf.

Full ástæða er til að óska Heimamönnum til hamingju með nýju búðina um leið og skorað er á heimamenn að versla hjá Heimamönnum. Um er að ræða frábært framtak hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum sem standa að versluninni.



Aldey Unnar Traustadóttir, forseti sveitarstjórnar Norðurþings kom og færði Brynjari T. Baldurssyni framkvæmdastjóra Heimamanna blómvönd fyrir hönd Norðurþings ásamt hamingjuóskum með opnunina

Ólöf Helga leit við

Ólöf Helga Adolfsdóttir sem var stödd á Húsvík á námsstefnu Ríkissáttasemjara leit við hjá formanni Framsýnar og áttu þau gott spjall um stöðuna í verkalýðshreyfingunni og væntanlegt þing Starfsgreinasambands Íslands sem haldið var 23. – 25. mars á Akureyri.

Ólöf Helga hefur verið virk í verkalýðsbaráttunni undanfarin ár og setið m.a. í stjórn Eflingar frá árinu 2019. Frá því í byrjun nóvember sl. hefur hún gegnt embætti varaformanns og starfað ásamt Agnieszku Ewu Ziolkowsku að því að halda starfsemi Eflingar gangandi í gegnum frekar róstarsama tíma eftir að þáverandi formaður félagsins, Sólveig Anna, sagði sig frá formennsku í Eflingu. Eins og kunnugt er hefur Sólveig Anna verið endurkjörin sem formaður Eflingar og tekur við á næsta aðalfundi félagsins sem væntanlega verður haldinn í næsta mánuði.



Ólöf Helga hefur verið virk í verkalýðsmálum í starfi sínu sem hlaðmaður á Reykjavíkurlugvelli, en þar vann hún í fimm ár og gegndi jafnframt embætti trúnaðarmanns. Fyrir nokkru var henni óvænt sagt upp störfum hjá Icelandair í miðri kjaradeilu. Efling hefur gert alvarlegar athugasemdir við uppsögnina, þar sem trúnaðarmenn njóta uppsagnarverndar og óheimilt er að segja fólki upp vinnu vegna starfa sinna sem trúnaðarmenn.



Taktu þátt í mótun kröfugerðar Framsýnar!

Framsýn stéttarfélag hefur hafið undirbúning að mótun kröfugerðar fyrir komandi kjaraviðræður sem hefjast á næstu mánuðum við Samtök atvinnulífsins, ríkið og sveitarfélög.

Samninganefnd félagsins hefur samþykkt að leita til félagsmanna varðandi þau áhersluatriði sem þeir vilja fá inn í kröfugerðina. Skoðanir félagsmanna eru afar mikilvægar og því leggjum við mikla áherslu á að sem breiðust þátttaka náist til að raddir allra félagsmanna fái að heyrast í endanlegri kröfugerð sem verður aðgengileg á heimasíðu félagsins, framsyn.is, um leið og gengið hefur verið frá henni endanlega.

Áherslur félagsmanna sendist sem fyrst á netfang Samninganefndar félagsins, kuti@framsyn.is.

Þátttaka þín skiptir verulega miklu máli!
Samninganefnd Framsýnar

Auka launahækkun til félagsmanna

-Stattu vaktina-

Í lífskjarasamningnum 2019 var samið um hækkun launa í formi krónutölu í stað prósentuhækkana. Þessu til viðbótar var, í fyrsta skipti í kjarasamningum, samið um viðauka sem tæki mið af stöðu hagkerfisins á hverjum tíma. Er það nýlunda í kjarasamningagerð hér á landi. Með þessu móti myndi launafólk fá fasta krónutölu í launahækkun auk viðbótarhækkunar, svokallaðan hagvaxtarauka, ef hagvöxtur á mann yrði yfir tilteknum mörkum. Til þess að hagvaxtaraukinn virkjist þarf hagvöxtur á mann að verða meiri en 1%. Fyrir árið 2021 hækkaði hagvöxtur á mann um 2,53% milli ára. Miðað við þessa hækkun munu þeir sem taka laun eftir kaupþöxtum hækka um kr. 10.500,- og önnur mánaðarlaun um kr. 7.875,-. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu fljótlega. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvort það verður 1. apríl eða 1. maí. Samningsaðilar eiga eftir að koma sér saman um dagsetninguna.

Participate in the formulation of Framsýn union's claims

Framsýn has begun preparations to formulate demands for wages and employment terms negotiations which will begin in the next months with the Confederation of Icelandic Enterprise, the Icelandic state and the municipalities. Framsýn's bargaining committee has agreed to contact members regarding the priorities they want to include in the claim. Members' emphases should be sent as soon as possible to the e-mail address kuti@framsyn.is. Your participation is very important! Framsýn's negotiating committee.



Stuðningur við flóttafólk

Framsýn telur sig ekki getað setið hjá hvað varðar þær hörmungar sem eiga sér stað í Úkraínu. Félagið hefur þegar ákveðið að leggja til eina orlofsíbúð í Reykjavík undir flóttafólk auk þess að styrkja hjálparstarf vegna flóttafólks frá Úkraínu um eina evru fyrir hvern félagsmann sem gerir um kr. 300.000,-. Framsýn skorar jafnframt á önnur stéttarfélög að koma líkt og félagið að verkefninu með fjárstuðningi og láni á orlofsíbúðum. Að mati Framsýnar er ekki í boði að stéttarfélög eða önnur hagsmunasamtök sitji hjá á ófriðartímum sem þessum.



Framsýn fordæmir stríðsrekstur Rússa í Úkraínu

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar stéttarfélags samþykkti nýlega að fordæma stríðsrekstur Rússa í Úkraínu. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

“Framsýn stéttarfélag fordæmir harðlega innrás Rússlands inn í annað sjálfstætt og fullvalda ríki með tilheyrandi eyðileggingu og þjáningu sem slík innrás óhjákvæmilega veldur saklausu fólki sem verður fyrir barðinu á stríðsrekstri Pútíns.

Innrás og ógnartilburðir Rússlands í Úkraínu eiga sér enga réttlætingu og eru auk þess alvarlegt brot á alþjóðalögum. Framsýn krefst þess að Rússar stöðvi þegar í stað hernaðaraðgerðir sem þegar hafa valdið miklum hörmungum.

Hugur Framsýnar er hjá Úkraínsku þjóðinni sem á um sárt að binda um þessar mundir, en ekki síður hjá þeim Úkraínumönnum er lífa og starfa í öðrum þjóðlöndum, óttast um afdrifættingja og vina en geta á engan hátt komið þjóð sinni til hjálpar. Framsýn biðlar til íslenskra stjórnvalda að þau greiði götu flóttafólks frá Úkraínu sem neyðist til að flýja land sitt og hingað leitar, um leið og stjórnvöld komi skýrum skilaboðum á framfæri við Rússa að þeir afvopnist þegar í stað og hypji sig heim til Rússlands.”



Hefur þú skoðað Starfatorgið inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is? Fullt af störfum í boði á félagssvæði stéttarfélaganna.

Elva sjálfkjörin formaður DVS innan Framsýnar

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar stéttarfélags var haldinn í febrúar. Fundurinn fór vel fram og var mjög líflegur og skemmtilegur. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru kjaramál til umræðu en mótun kröfugerðar á vegum deildarinnar er hafin. Þá voru gerðar smávægilegar breytingar á starfsreglum deildarinnar.

Stjórn deildarinnar var sjálfkjörin:

Elva Héðinsdóttir formaður
Trausti Aðalsteinsson varaformaður
Karl Hreiðarsson ritari
Anna Brynjarsdóttir meðstjórnandi
Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Hægt er að fræðast betur um fundinn inn á heimasíðu félagsins, www.framsyn.is. Þar er ítarleg umfjöllun um helstu málefni fundarins.



Borgarhólsskóli í heimsókn

Nemendur í 10. bekk Borgarhólsskóla komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna á dögnum til að fræðast um starfsemi stéttarféлага, það er tæplega þrjátíu nemendur. Með í för var kennarinn þeirra Nanna Möller. Fulltrúi stéttarfélaganna fór yfir tilgang og markmið stéttarféлага á vinnumarkaði auk þess að fara yfir innihald kjarasamninga. Nemendurnir meðtóku fræðsluna og spurðu út í hitt og þetta er tengis tilgangi stéttarféлага og réttindum þeirra á vinnumarkaði. Það er ánægjulegt til þess að vita að grunn- og framhaldsskólar á svæðinu hafa lagt mikið upp úr því að fá forystumenn stéttarféлага inn í skólana með fræðslu.



Stjórn STH fundar um stöðu félagsins



Að mati stjórnar Starfsmannafélags Húsavíkur sem fundaði nýlega um starfsemi félagsins mikið gæfuspor þegar félagið gekk frá samkomulagi á sínum tíma við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík um að halda utan um starfsemi félagsins með stjórn þess á hverjum tíma. Í upphafi voru það fimm stéttarfélög sem stóðu að rekstri skrifstofunnar, síðar komu tvö önnur stéttarfélög inn í samstarfið. Öll félögin sjö voru aðilar að ASÍ nema Starfsmannafélag Húsavíkur sem var innan BSRB. Athygli vakti að stéttarfélög innan ASÍ og BSRB hefðu náð að sameinast um sameiginlegt skrifstofuhald. Slík fyrirmynd var ekki til á þessum tíma.

Með tíð og tíma sameinuðust aðildarfélögin innan ASÍ undir merkjum Framsýnar stéttarfélags annars vegar og Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum hins vegar. Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna í dag eru auk þessara tveggja félaga, Starfsmannafélag Húsavíkur.

Í gegnum tíðina hefur félagsmönnum, svo vitnað sé í kannanir, verið boðið upp á góða þjónustu með hæfu og reynslumiklu starfsfólki. Þá er Skrifstofa stéttarfélaganna opin alla virka daga frá kl. 08:00 til 16:00 eða lengur en flestar aðrar skrifstofur stéttarféлага/starfsmannafélaga innan ASÍ/BSRB.

Eins og fram kemur hér að framan hefur verið mikil ánægja með samstarfið meðal félagsmanna Starfsmannafélags Húsavíkur. Félögin hafa ekki bara sameinast í skrifstofuhaldi heldur jafnframt hvað varðar t.d. orlofsmál, fræðslumál og velferðarmál félagsmanna. Þá halda félögin úti sameiginlegri heimasíðu og Fréttabréfi svo eitthvað sem nefnt. Aðild félagsins að skrifstofunni hefur auk þess veitt félagsmönnum STH aðgengi að ódýrum flugfargjöldum milli Húsavíkur og Reykjavíkur, hótelum víða um land og orlofsíbúðum á Akureyri, Kópavogi og Reykjavík, auk orlofsíbúðar á Spáni.

Þá hafa félögin í sameiningu komið að því að styrkja ýmis málefni í samfélaginu félagsmönnum til hagsbóta s.s. með þátttöku í kaupum á tækjum og tólum fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík og Hjúkrunarheimilið Hvamm. Svo ekki sé talað um aðra styrki til góðgerðamála og íþróttafélaga. Af hverju taldi stjórn Starfsmannafélags Húsavíkur ástæðu til að funda um stöðu og framtíð félagsins? Undanfarið hefur félagið

orðið fyrir þrýstingi frá BSRB og Kili stéttarfélagi starfsmanna í almannaðjónustu um að sameinast öðrum starfsmannafélögum, starfsemin hefur jafnvel verið töluð niður. Eftir góðar umræður stjórnar var samþykkt að gera athugasemdir við þessi vinnubrögð og koma þeim á framfæri við rétta aðila. Það er alveg ljóst að Starfsmannafélag Húsavíkur leggur mikið upp úr góðu samstarfi við önnur starfsmannafélög innan BSRB sem og við bandalagið sjálft. Það er hins vegar í höndum félagsmanna Starfsmannafélags Húsavíkur á hverjum tíma að ákveða hvaða leið skuli farin varðandi starfsemi og framtíð félagsins. Hvað það varðar, hefur stjórnin ákveðið að taka málið á dagskrá aðalfundar félagsins í vor, það er að ræða framtíð félagsins. Aðalfundurinn er jú æðsta valdið í félaginu. Vilji núverandi stjórnar er að halda í sjálfstæði félagsins enda mikil ánægja meðal félagsmanna með starfseminna.

Raunfærnimat fyrir reynslubolta

Raunfærnimat er leið til að meta þá færni og þekkingu sem öðlast má á vinnumarkaði. Matið getur mögulega stýtt nám og verið hvatning til að ljúka því. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru 23 ára aldur og 3 ára staðfest starfsreynsla í viðkomandi grein. Þessi leið hefur skilað góðum árangri þar sem margir þátttakendur raunfærnimatsins hafa haldið áfram námi og lokið sveinsprófi að loknu matinu.

Þær greinar sem fyrirhugað er að verði metnar í raunfærnimati vorönn 2022 eru m.a. :

Húsasmíði, múriðn og pípulagnir.

Bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun

Allar nánari upplýsingar um raunfærnimat veita náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR. Fleiri greinum verður bætt við á vorönninni og fer það eftir eftirspurn. Hvetjum alla til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa IÐUNNAR og fá nánari upplýsingar varðandi það, **radgjof(hjá)idan.is** eða í s. 590-6400.



Á skíðum með Framsýn

Það var fallett veður á skíðasvæði Húsvíkinga og fjölmargir á skíðum þegar formaður Framsýnar leit þar við á dögnum. Skíðasvæði Húsvíkur er nú uppá Reykjaheiði við Reyðarárhjúk. Lyftan sem var áður í Skálamel var flutt og opnuð formlega þann 28. desember 2019. Félagsmenn Framsýnar og þingiðnar geta notað sinn heilsueflingarstyrk hjá stéttarfélagunum til að greiða niður árskortíð í lyftuna sem kostar kr. 10.000. Skila þarf inn löglegri nótu svo réttur til endurgreiðslu skapist. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Við mælum með....

Á heimasíðu Framsýnar eru tvær greinar sem vakið hafa mikla athygli og fengið mjög góða lesningu sem komast ekki fyrir í Fréttabréfinu.

Á hvaða vegferð er Fjármálaeftirlitið?

Umfjöllun heimasíðunnar um vinnubrögð Fjármálaeftirlitsins sem virðist gera flest til að útiloka venjulega sjóðfélaga, sem ekki hafa langa háskólagöngu, frá því að gefa kost á sér í stjórnir lífeyrissjóða. Áhugaverð lesning.

Góða fólkið í verkalyðshreyfingunni

Hér skrifar formaður Framsýnar um væringarnar sem verið hafa í verkalyðshreyfingunni og tengjast formanskjörunu í Eflingu. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hafa verið mikil átök í hreyfingunni sem tengjast ekki síst valdabaráttu og ólíkum áherslum í verkalyðsbaráttu á Íslandi.



Íbúð Framsýnar í Asparfelli hefur verið tekin í gegn. Búið að skipta um innihurðir, gluggatjöld og skápa auk þess sem búið er að mála íbúðina. Hún er því orðin eins og ný.

Framsýn kemur að öflugu starfi Umf. Eflingar

Framsýn hefur svarað kalli Umf. Eflingar um að koma að stuðningi við ungmennafélagið til næstu þriggja ára. Framsýn kom að því á sínum tíma ásamt tveimur öðrum fyrirtækjum að mynda "Skjaldborg Eflingar" með framlögum til félagsins. Ungmennafélagið stendur frammi fyrir því að ráðast í búningakaup til þess að efla félagsandann og gera

það sýnilegra í samfélaginu. Styrkur Framsýnar fer ekki síst í það að efla starf félagsins sem snýst að stærstum hluta um að halda úti barna- og unglíngastarfi. Meðfylgjandi mynd er af öflugu liði Eflingar sem tók þátt í Íslandsmóti í knattspyrnu fyrir nokkuð mörgum árum og rúmlega það eins og myndin ber með sér. Frábært lið þess tíma.





Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla

